

Nd.

278. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefir ekki getað átt samleið um afgreiðslu þessa frumvarps. Minni hl. nefndarinnar (JPálm, PO) vill samþykkja frv. óbreytt. Meiri hl. nefndarinnar telur hinsvegar, að enn sé svo lítil reynsla fengin um framkvæmd þessara laga, að ekki sé ástæða til þess að fara að breyta þeim nú. Meiri hl. nefndarinnar leggur þess vegna til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem jarðræktarlögin í núverandi mynd hafa aðeins verið í gildi hálf tannað ár og þess vegna ekki fengizt nein veruleg reynsla um það, hvernig þau muni gefast, og þar sem síðasta búnaðarþing tók einungis I. kafla laganna til meðferðar, og þar sem þá náðist samkomulag milli Alþingis og búnaðarþings um þann hluta þeirra, telur deildin ekki ástæðu til að taka síðari kafla jarðræktarlaganna til endurskoðunar, fyrr en búnaðarþingi hefir gefizt kostur á að segja álit sitt um þá, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Steingr. Steinþórsson,
fundaskr., frsm.

Emil Jónsson.